

ANTIKVA EHF 2025

Fornleifaskráning vegna
sumarbústaðalóðar nr. 125205
í landi Miðdals í Mosfellsbæ

Svavar Níelsson





Kort 1: Staðsetning skráningarsvæðisins

Forsíðumynd: Húsgrunnur 3410-4

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-67-3

Verkefnanúmer MÍ: 3410

Höfundur tóku ljósmyndir í ritinu nema annað sé tekið fram

© Svavar Nielsson og Antikva efh.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Fornleifaskráningar	1
Skráningarsvæðið	2
Tilgangur fornleifaskráningar	3
Miðdalur	6
Skráðar minjar	7
Húsgrunnur [3410-1]	7
Hleðsla [2779-2803] garðlag	8
Vegur [3410-2] gata-slóð	9
Samantekt og niðurstöður	10
Heimildir	11

Myndaskrá

Mynd 1: Húsgrunnur 3410-1	7
Mynd 2: Hleðsla 2779-2803	8
Mynd 3: Vegur 3410-2	9

Kort

Kort 1: Staðsetning skráningarsvæðisins	ii
Kort 2: Skráningarsvæðið sést hér afmarkað innan rauða reitsins.	2
Kort 3: Kort sem sýnir staðsetningu minja í og við deiliskipulagsreitinn.	6

Inngangur

Að beiðni Hafsteins Halldórssonar landeiganda, sumarbústaðalóðar í landi jarðarinnar Miðdals, tók Ragnheiður Traustadóttir fyrir hönd Antikva ehf., að sér fornleifaskráningu á lóðunum vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda. Svavar Níelsson, fornleifafræðingur sá um vettvangsvinnu og skýrsluskrif.

Skráningin fékk verkefnanúmerið 3410 hjá Minjastofnun Íslands.

Deiliskipulagsreiturinn er staðsettur norðaustan við Selvatn í landi Miðdals. Heimildir greina ekki frá byggð né heldur benda örnefni eða frásagnir til fornleifa á því svæði sem er innan deiliskipulagsins. Engar fornleifar fundust á deiliskipulagsreitnum en yngri minjar, húsgrunnur, hleðsla og slóði voru skráðar. Þessar minjar eru ekki friðaðar.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimilda- og vettvangskönnun.

Vettvangskönnunin fór fram dagana 31.03.2025 og 02.04.2025.

Fornleifaskráningar

Saga Miðdals er rakin í skýrslunni *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ* sem var gefin út árið 2006. Sú skýrsla var unnin upp úr eldri skráningargögnum en skipuleg skráning fornleifa í Mosfellsbæ hófst árið 1980 og var fyrsta skráning sinnar tegundar á Íslandi.¹ Árið 2006 voru mælingatæki ekki jafn nákvæm og í dag og stenst skráningin því ekki að öllu leyti þær kröfur sem gerðar eru núna. Síðan þá hafa nokkrar fornleifaskráningar farið fram í landi Miðdals og í nágrenni þess en þær skráningar miðuðu við deiliskipulag. Ber þar að helst að nefna:

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Dallands í Mosfellsbæ frá árinu 2019,² *Selvatn: Fornleifaskráning vegna breytingar á deiliskipulagi* frá árinu 2019³ og *Fornleifaskráning vegna sumarbústaðalóða nr. 213970 í landi Miðdals í Mosfellsbæ* frá árinu 2021.⁴ Þá ber

¹ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 92-111.

² Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

³ Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

⁴ Hermann Jakob Hreiðarsson og Ragnheiður Traustadóttir, 2021.

einnig að geta fornleifaskráningarinnar *Litlaselshæð við Selvatn í Mosfellsbæ: Úttektarskýrsla minjavarðar* frá árinu 2023.⁵



Kort 2: Skráningarsvæðið sést hér afmarkað innan rauða reitsins.

Skráningarsvæðið

Um er að ræða byggingareit sem er með númerið 125205 í landi Miðdals.

Deiliskipulagsreiturinn er staðsettur norðaustan við Selvatn. Þegar þessi skýrsla er skrifuð er þar staðsettur lítill bústaður á deiluskipulagsreitnum en að öðru leiti standa engar byggingar á reitnum. Landið þykir mjög blautt og er sennilegt að það kunni að hafa hentað illa til skepnuhalds. Reiturinn er að mestu vaxinn mosa og lyngi en þó má sjá grasbletti hér og þar. Aðlæg lönd við reit 125205 eru úr landi Miðdals.

⁵ Henny Hafsteinsdóttir, 2023.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Miðdalur

Miðdals er fyrst getið í Fógetareikningum 1547-52 sem „Mýdall“ eða „Mijdall“. Þá var jörðin í eigu konungs.⁶ Við jarðaskráningu Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1704 var jörðin enn talin sem konungsjörð.⁷ Í *Jarðatali* Johnsen frá árinu 1847 er jörðin komin í bændaeygn og er sagt að eigandinn hafi sjálfur búið þar.⁸ Jörðinni var skipt í Miðdal I og II einhvern tímann eftir árið 1938. Miðdalur II sem var sunnar í landareigninni lagðist þó fljótlega af en árið 1950 var nýbýlið Dalland myndað á sömu slóðum.⁹



Kort 3: Kort sem sýnir staðsetningu minja í og við deiliskipulagsreitinn.

⁶ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., 2006, 92.

⁷ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1923-1924, bls. 289-291.

⁸ Johnsen, 1847, bls. 96.

⁹ *Fasteignabók I; Jarðaskrár 1958-1979.*

Skráðar minjar

Húsgrunnur [3410-1]

Ferhyrndur húsgrunnur. Í botninum sést í grjót og steina en til hliðanna liggur víður.

Húsgrunnurinn ber þess merki að vera fremur unglegur, líklega frá um miðja 20. öld eða yngri. Húsgrunnurinn stendur í þúfukenndu landslagi og blautu landslagi. Grunnurinn er um 6.6 m að lengd og um 5 m að breidd. Húsgrunnurinn er það eina skráð var inni á deiliskipulagsreitnum og líklega einu minjarnar sem eru í hættu komi til framkvæmda. Húsgrunnurinn sést ekki á loftmynd frá 1954.



Mynd 1: Húsgrunnur 3410-1.

Hleðsla [2779-2803] garðlag

Hleðsla sem líklega hefur verið notuð undir girðingastæði og er staðsett við endann á nokkurskonar lægð í landslaginu. Hleðslan er mest um 8.4 m að lengd. Hleðslan er á mörkum þess að vera inni á skráningarsvæðinu. Hleðslan hefur líka áður verið skráð af Antikva ehf.¹⁰



Mynd 2: Hleðsla 2779-2803.

¹⁰ Hermann Jakob Hjartarson og Ragnheiður Traustadóttir, 2021, bls. 6-8.

Vegur [3410-2] gata-slóð

Vegur sem liggur upp að yfirgefnum bústað. Vegurinn er nú hulin grasi og gróðri og hefur auk þess orðið nokkuð þúfukenndur á köflum. Að hluta til liggur vegurinn á mörkum skráningarsvæðisins, en er að mestu leyti fyrir utan það.



Mynd 3: Vegur 3410-2.

Samantekt og niðurstöður

Við skráninguna fundust engar friðaðar fornleifar, en þrjár minjar voru skráðar og mældar upp. Ein af þeim er innan deiliskipulagsreitsins, en hinar tvær eru á mörkum hans. Heimildir greina ekki frá byggð á svæðinu, og hvorki örnefni né frásagnir benda til þess að fornleifar séu innan deiliskipulagsreitsins. Ætti því ekki vera nein fyrirstaða

Ekki er þó víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson. *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2006.

Fasteignabók I: Mat fasteigna í sýslum samkv. lögum nr. 33 frá 1955. Öðlast gildi 1. maí 1957. Reykjavík, 1956-1957.

Henný Hafsteinsdóttir. *Litlaselshæð við Selvatn í Mosfellsbæ: Úttektarskýrsla minjavarðar*. Reykjavík: Minjastofnun Íslands, 2023.

Hermann Jakob Hreiðarsson og Ragnheiður Traustadóttir. *Fornleifaskráning vegna sumarbústaðalóða nr. 213970 í landi Miðdals í Mosfellsbæ*. Reykjavík: Antikva ehf., 2021.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Lögbýlaskrá 31. desember 2018. Sótt 11. mars 2019 á: <https://www.skra.is/um-okkur/utgafur-og-skjol/>.

Ragnheiður Traustadóttir. *Selvatn: Fornleifaskráning vegna breytingar á deiliskipulagi*. Reykjavík: Antikva ehf., 2019.

Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Dallands í Mosfellsbæ*. Reykjavík: Antikva ehf., 2019.

Nr.	2779-2803	Bæjarnafn	Miðdalur	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	255
Svæði	L125205	Sveitafélag	Mosfellsbær	Dagur	31.03.2025	Skráning	SN
Tegund	hleðsla	Hlutverk	óþekkt	Flokkur	landbúnaðarminjar		
Sérheiti		Verndun	annað	Verkefni	Deiliskipulag L125205		
Ástand	greinanlegar	Hættumat	engin hætta	Hættuorsök			
Hætta tilefni		Efni	grjót	Aldur frá	1930	Aldur til	1980
Leid		Horfin		Horfin ástæða			
Lengd	8,5	Breidd	1,7	Hæð	0,8	Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá		Veggjahæð til	0,8	Breidd veggjar	1		
Mæling	Uppmæling	Túnakort		Verkefna nr MÍ	3410		
Isnet E	372517,26	Isnet N	402618,2	Heimildir			
Minjagildi	Lítið	Umhverfi	kjarr- og skóglendi				
Ljósmyndari	SN	Mótvægisaðgerðir	engar				



Hleðsla sem líklega hefur verið notuð undir girðingastæði og er staðsett við endann á nokkurskonar lægð í landslaginu. Hleðslan er mest um 8.4 m að lengd. Hleðslan er á mörkum þess að vera inni á skráningarsvæðinu. Hleðslan hefur líka áður verið skráð af Antikva ehf.

Nr.	3410-1	Bæjarnafn	Miðdalur	Gömul nr.	ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	255
Svæði	L125205	Sveitafélag	Mosfellsbær	Dagur	31.03.2025	Skráning	SN
Tegund	húsgrunnur	Hlutverk	óþekkt	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	annað	Verkefni	Deiliskipulag L125205		
Ástand	vel greinanlegar	Hættumat	mikil hætta	Hættuorsök	vegna rasks		
Hætta tilefni	framkvæmdir	Efni	torf, grjót og	Aldur frá	1950	Aldur til	1980
Leid		Horfin		Horfin ástæða			
Lengd	6,5	Breidd	5	Hæð	0,4	Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá		Veggjahæð til	0,4	Breidd veggjar	0,2		
Mæling	Uppmæling	Túnakort		Verkefna nr MÍ	3410		
Isnet E	372570,42	Isnet N	402605,44	Heimildir			
Minjagildi	Lítið	Umhverfi	moslendi				
Ljósmyndari	SN	Mótvægisaðgerðir	engar				



Ferhyrndur húsgrunnur. Í botninum sést í grjót og steina en til hliðanna liggur víður. Húsgrunnurinn ber þess merki að vera fremur unglegur, líklega frá um miðja 20. öld eða yngri. Húsgrunnurinn stendur í þúfukenndu landslagi og blautu landslagi. Grunnurinn er um 6.6 m að lengd og um 5 m að breidd. Húsgrunnurinn er það eina skráð var inni á deiliskipulagsreitnum og líklega einu minjarnar sem eru í hættu komi til framkvæmda. Húsgrunnurinn sést ekki á loftmynd frá 1954.

Nr.	3410-2	Bæjarnafn	Miðdalur	Gömul nr.	ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	255
Svæði	L125205	Sveitafélag	Mosfellsbær	Dagur	31.03.2025	Skráning	SN
Tegund	vegur	Hlutverk	leið	Flokkur	samgönguminjar		
Sérheiti		Verndun	annað	Verkefni	Deiliskipulag L125205		
Ástand	greinanlegar	Hættumat	engin hætta	Hættuorsök			
Hætta tilefni		Efni		Aldur frá	1950	Aldur til	1960
Leid		Horfin	nei	Horfin ástæða			
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá		Veggjahæð til		Breidd veggjar			
Mæling	Loftmynd	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3410		
Isnet E	372636,09	Isnet N	402569,17	Heimildir			
Minjagildi	Lítið	Umhverfi	gras- og mólendi				
Ljósmyndari	SN	Mótvægisaðgerðir	engar				



Vegur sem liggur upp að yfirgefnum bústað. Vegurinn er nú hulinn grasi og gróðri og hefur auk þess orðið nokkuð þúfukenndur á köflum. Að hluta til liggur vegurinn á mörkum skráningarsvæðisins, en er að mestu leyti fyrir utan það.